Útboðslýsing

Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs.

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta

MAÍ 2024

Efnisyfirlit

1. Upplýsingar um Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar hs. 5

1.1. Heiti, stofndagur, deildaskipting 5

1.2. Reglulegar skýrslur og reglur 5

1.3. Skattaleg staða 5

1.4. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar 5

1.5. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina 5

1.6. Sameiningar og slit sjóðsins 6

1.7. Skráning hlutdeildarskírteina 6

1.8. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina 7

1.9. Tilhögun og skilyrði fyrir innlausn og/eða flutningi hlutdeildarskírteina og við hvaða aðstæður megi fresta innlaus 7

1.10. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna 7

1.11. Upplýsingar um sjálfbærni fjárfestingarmarkmið og fjárfestingaheimildir sjóðsdeilda 8

1.12. Áhætta 16

1.13. Nánari lýsing á áhættu í tengslum við fjárfestingu í einstökum sjóðsdeildum 20

1.14. Mat á eignum 21

1.15. Sölu og innlausnarverð hlutdeildarskírteina – gengi sjóðsdeilda 21

1.16. Upplýsingar um þóknanir sem sjóðurinn greiðir rekstraraðila, vörsluaðila eða þriðja aðila 22

2. Upplýsingar um rekstraraðila sjóðsins 22

2.1 Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa 22

2.2. Stofndagur 23

2.3. Aðrir sjóðir sem rekstraraðili annast rekstur á 23

2.4. Nöfn og staða stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila auk upplýsinga um helstu störf utan rekstraraðila 23

2.5. Nafn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda rekstraraðila 24

2.6. Hlutafé og hve mikið hefur verið greitt 24

2.7 Starfskjarastefna 24

3. Upplýsingar um vörsluaðila sjóðsins 24

4. Aðrar upplýsingar 25

4.1. Tilgreining á starfsemi sem rekstraraðila hefur verið falið að úthýsa 25

4.2. Upplýsingar um rekstraraðila sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins 25

4.3. Fyrri árangur sjóðsins 26

4.4. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir 26

4.5. Dómstólar og málaferli 27

Fylgiskjal 1 – Reglur Fjárfestingarsjóðs SIV Eignastýringar hs. 28

Fylgiskjal 2 – Útdráttur úr lögum nr. 45/2020 42

SIV eignastýring hf. kt. 581022-0850, Ármúla 3, 105 Reykjavík

Ástæða uppfærslu á útboðslýsingu er tvíþætt. 1. Ný sjóðsdeild bætist við Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar hs sem ber nafnið SIV Eignasafn hs. 2. Gengismunur sem er gjaldtaka við kaup hlutdeildarskírteina er felld niður.

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. (hér eftir sjóðurinn eða Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar). Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og innan hans eru fimm sjóðsdeildir sem reknar eru sem hlutdeildarsjóðir.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsdeilda sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Sveiflur geta orðið í ávöxtun fjármálagerninga sem einstaka sjóðsdeildir fjárfesta í og enn fremur getur samsetning verðbréfavals og/eða aðferðir við stýringu, s.s. notkun afleiðna, leitt til meiri sveiflna en ella. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

SIV eignastýring hf., kt. 581022-0850, Ármúla 3, 105 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund í fullu samræmi við 1. mgr. 86. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Undirrituð lýsa því yfir að útboðslýsing þessi sé samkvæmt okkar bestu vitund í fullu samræmi við reglur sjóðsins og þær kröfur sem lög, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli gera til útboðslýsinga. Jafnframt skuldbindur SIV eignastýring hf. sig til að upplýsa Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um allar þær breytingar sem kunna að verða á útboðslýsingunni. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári. Okkur er ljóst að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf getur varðað við lög, sbr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Reykjavík, 26. apríl 2024

(með breytingum gerðum 1. desember 2023 og fyrst útgefið júní 2023)

Arnór Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Andri Guðmundsson, stjórnarformaður

Ólöf Hildur Pálsdóttir, stjórnarmaður

Ragnheiður Þorkelsdóttir, stjórnarmaður

(rafræn undirritun)

HELSTU ATRIÐI ÚR ÚTBOÐSLÝSINGU

Almennt	Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. (hér eftir ,,sjóðurinn“ eða ,,Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar“) er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeilda koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar. Sjóðurinn starfar í fimm deildum.
Grunnmynt	Grunnmynt sjóðsdeilda er íslensk króna, ISK.
Starfsemi	Tilgangur sjóðsdeilda sjóðsins er að veita viðtöku fjár frá almenningi sem og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Rekstraraðili	SIV eignastýring hf., kt. 581022-0850, Ármúla 3, 105 Reykjavík.
Vörsluaðili	T Plús, kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri, annast umsjón og varðveislu sjóðsins í samræmi við IV. kafla laga nr. 45/2020.
Kaup- og sölugengi	Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda er reiknað út daglega og birt að jafnaði daglega á virkum dögum. Enginn munur er á kaup og sölugengi sjóðsdeilda sjóðsins.
Innlausnartími	Hlutdeildarskírteini sjóðsdeilda sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á innlausnardegi. Viðskiptatími með hlutdeildarskírteini sjóðsdeilda er frá 9:00 til 14:30 þá daga sem kauphöllin á Íslandi er opin. Uppgjör sjóðsdeilda vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er misjafnt milli sjóðsdeilda og nánar tilgreint í útboðslýsingunni.
Arðgreiðslur	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsdeilda skal bætt við höfuðstól viðkomandi sjóðsdeilda.
Fjárhæð	Lágmarksfjárfesting í sjóðsdeildum er 10.000 kr. að söluverði, 5.000 kr. í áskrift.
Réttindi	Allir sem eiga hlutdeildarskírteini í sjóðsdeildum sjóðsins eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsdeilda í hlutfalli við hlutdeild sína.
Sjálfbærni	SIV eignastýring hf. hefur mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og má nálgast hana á heimasíðu félagsins. Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. hefur stefnu rekstraraðila um ábyrgar fjárfestingar til hliðsjónar við fjárfestingarákvarðanir sínar. Rekstraraðili sjóðsins telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma. Einnig má finna á heimasíðu félagsins, undir Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni, frekari upplýsingar um hvernig áhætta tengd sjálfærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir.
SFDR	Með skammstöfuninni SFDR er átt við reglugerð ESB nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Þessi reglugerð hefur verið innleidd í íslensk lög með lögum nr. 25/2023. Samkvæmt þessum lögum um sjálfbærni ber að upplýsa hvaða grein SFDR fjármálaafurðir uppfylla þegar horft er til þess með hvaða hætti sjálfbærniþættir eru teknir inn í fjárfestingarákvarðanir. Allar sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar falla undir 6. gr. í dag þar sem þær uppfylla ekki kröfur 8. greinar um að efla sjálfbærniþætti eða 9. gr. um að hafa sjálfbærar fjárfestingar að markmiði og teljast því ekki taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

1. Upplýsingar um Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar hs.

1.1. Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. og var stofnaður í júní 2023. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og byggir starfsheimildar sínar á X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Grunnmynt sjóðsdeilda sjóðsins er íslensk króna (ISK).

Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. starfar í fimm aðgreindum sjóðsdeildum:

Nafn	**Kennitala**
SIV Lausafjársjóður hs.	430723-9950
SIV Skammtímasjóður hs.	530623-9710
SIV Skuldabréf hs.	530623-9630
SIV Hlutabréf hs.	530623-9550
SIV Eignasafn hs.	640524-9950

Sjóðsdeildirnar hafa aðskilinn fjárhag innan rekstraraðila og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði sem fellur til vegna reksturs þeirra.

1.2. Reglulegar skýrslur og reglur

Allar upplýsingar um Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar hs., útgefnar skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu og reglur má nálgast án endurgjalds hjá SIV eignastýringu hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á heimasíðu SIV eignastýringar hf., www.SIVeignastyring.is. Reglur sjóðsins er að finna í fylgiskjali 1 með þessari útboðslýsingu.

1.3. Skattaleg staða

Um skattalega meðferð hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóði SIV eignastýringar fer eftir lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996, ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning kann að eiga við um einstaka fjárfesta. Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. er ekki sjálfstæður skattaðili og er því ekki skattlagður sérstaklega. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðsdeildum sjóðsins eru hins vegar skattlagðir við innlausn þeirra. Gengishækkun hlutdeildarskírteina færist til tekna við innlausn. Slíkar tekjur færast sem vaxtatekjur í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. T Plús, vörsluaðili SIV eignastýringar, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Vakin skal athygli á því að skattameðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðsdeildum sjóðsins.

1.4. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar

Eins og skylt er skv. 45. gr. laga nr. 45/2020 birtast sérgreindar upplýsingar fyrir Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar hs. í ársreikningi og árshlutauppgjöri SIV eignastýringar hf. Reikningsár SIV eignastýringar hf. er almanaksárið. Skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl ár hvert og árshlutauppgjör skal vera birt fyrir septemberlok. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðanda. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu sjóðsdeilda verða ekki greiddar út heldur ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingarstefnu og þ.a.l. bætt við höfuðstól hverrar sjóðsdeildar.

1.5. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina

Allir eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar, sem SIV eignastýring hf. hefur umsjón með, eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína og gilda skírteinin sem staðfesting á tilkalli til eignar í sjóðsdeildinni.

SIV eignastýring hf. annast útgáfu skilríkja fyrir eignarréttindum að Fjárfestingarsjóði SIV eignastýringar í formi hlutdeildarskírteina ef eigendur þeirra óska eftir því, sbr. 1. mgr. 74. gr., laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

SIV eignastýring hf. gefur því út hlutdeildarskírteini í einingaformi til þeirra aðila sem eiga tilkall til hlutdeildar í viðkomandi sjóðsdeild og óska eftir útgáfu hlutdeildarskírteinis, þ.e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að fjórum aukastöfum. Hlutdeildarskírteini eru skráð á nafn eða á safnreikning hjá viðkomandi fjármálastofnun og er undirritað af stjórn SIV eignastýringar hf. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru gefin út sem rafbréf og gilda um útgáfuna lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Í 75. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er tekið fram hvaða atriði skulu koma fram á hlutdeildarskírteini. Þar skulu koma fram nafn hlutdeildarsjóðs, vörsluaðila og rekstraraðila, nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis, hvernig hlutdeildarskírteini verður innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur. Þá er nafn og kennitala framsalshafa tilgreind hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

SIV eignastýring hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Í skránni er kveðið á um nafn og kennitölu eiganda, söludag skírteinis, nafnverð skírteinis og heildarfjölda útistandandi skírteina, sbr. 76. gr. laga nr. 45/2020.

Hlutdeildarskírteini fylgir ekki atkvæðisréttur og hafa eigendur hlutdeildarskírteina því hvorki rétt til áhrifa á fundum hjá SIV eignastýringu hf. né á starfsemi Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. eða einstakra sjóðsdeilda hans

1.6. Sameiningar og slit sjóðsins

Stjórn SIV eignastýringar hf. tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við annan sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta eða einstakra sjóðsdeilda hans innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er krafist vegna innlendra samruna. Sé um millilandasamruna að ræða þarf samþykki lögbærs eftirlitsaðila samrunasjóðs og skal samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs.

Stjórn SIV eignastýringar hf. skal gæta þess í allri framkvæmd að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og kalla til óháðan aðila til að fara yfir og leggja mat á samrunann og þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði. Við sameiningu sjóðsdeildar við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í réttu hlutfalli við eign sína. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina bréflega um samruna sjóðsins og skal tilkynningin innihalda skilmála samruna og gildistöku breytinga. Þá skulu hlutdeildarskírteinishöfum veittar nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna, þ.á.m. upplýsingar um ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna, þau áhrif sem álitið er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, m.a. breytingar á fjárfestingarstefnu, væntan árangur, reglubundnar skýrslur og, ef við á, viðvörun til fjárfesta um að skattaleg meðferð geti breyst vegna fyrirhugaðs samruna, réttindi hlutdeildarskírteinishafa vegna fyrirhugaðs samruna, rétt hlutdeildarskírteinishafa til innlausnar og, ef við á, rétt þeirra til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust og innan hvaða tímamarka þeir geti nýtt þau réttindi sín, atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistökudag samrunans, og lykilupplýsingar yfirtökusjóðs.

Hlutdeildarskírteinishafar skulu eiga rétt á að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna og, ef við á, skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstraraðila eða félagi sem rekstraraðili er tengdur í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald. Innlausnarskyldan tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans. Tilkynning til hlutdeildarskírteinis-hafa samkvæmt reglum sjóðsins skal send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu lýkur. Að öðru leyti skal farið með tillögur um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins eða sjóðsdeilda sem breytingar á reglum sjóðsins, sbr. 12. gr. reglna sjóðsins.

1.7. Skráning hlutdeildarskírteina

Viðskipti með hlutdeildarskírteini fara ekki fram á skipulegum verðbréfamörkuðum og eru hlutdeildarskírteini því ekki skráð á Nasdaq Iceland eða öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

1.8. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir dreifingu jöfnunarbréfa. SIV eignastýring hf. annast um útgáfu hlutdeildarskírteina í einingaformi til þeirra aðila sem (i) eiga tilkall til hlutdeildar í viðkomandi sjóðsdeild og (ii) óska sérstaklega eftir útgáfu hlutdeildarskírteina.

Heimilt er að gefa skírteinin út sem rafbréf. Kaup og sala hlutdeildarskírteina fer fram hjá söluaðila sjóðsins. Nánari upplýsingar um söluaðila á hverjum tíma og fyrirkomulag viðskipta með hlutdeildarskírteini er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins. Kostnaður við söluna greiðist af kaupanda hlutdeildarskírteinanna.

1.9. Tilhögun og skilyrði fyrir innlausn og/eða flutningi hlutdeildarskírteina og við hvaða aðstæður megi fresta innlausn

SIV eignastýring hf. innleysir hlutdeildarskírteini að kröfu þeirra sem eiga hlutdeild í einstökum sjóðsdeildum. Viðskiptatími og uppgjör sjóðsdeilda er sem hér segir:

Sjóðsdeild	**Viðskiptatími sjóðsdeilda**	**Kauppöntun**	**Sölupöntun**	**Kauppöntun eftir viðskiptatíma**	**Sölupöntun eftir viðskiptatíma**
SIV Lausafjársjóður hs.	09:00-14:30	T+1	T+1	T+2	T+2
SIV Skammtímasjóður hs,	09:00-14:30	T+1	T+1	T+2	T+2
SIV Skuldabréf hs.	09:00-14:30	T+2	T+2	T+3	T+3
SIV Hlutabréf hs.	09:00-14:30	T+2	T+2	T+3	T+3
SIV Eignasafn hs.	09:00-13:00	T+2	T+2	T+3	T+3

Allar upplýsingar um kostnað við kaup og sölu hlutdeildarskírteina, innlausnargengi og aðrar upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir eigendur hlutdeildarskírteina eru birtar á heimasíðu SIV eignastýringar hf., www.siveignastyring.is.

Eignarhlutdeild i sjóðsdeildunum SIV Lausafjársjóður, SIV Skammtímasjóður, SIV Skuldabréf, SIV Hlutabréf og SIV Eignasafn skal innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.

SIV eignastýringu hf. er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á tilkalli til eignar. Henni verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getið er um hér að ofan. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

Ef ljóst er t.d. að krafa hefur borist um innlausn frá mörgum fjárfestum þannig að ljóst er að selja þurfi eignir sem ekki tekst að selja strax er heimilt að fresta innlausn til þess tíma að það tekst að selja nægilegar eignir til þess að uppfylla kröfu um innlausn. Um innlausn og frestun að öðru leyti gildir 87. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfða sjóða.

1.10. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna

Við útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðsdeildum er farið eftir 88. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfða sjóða, auk þeirra stjórnvaldsreglna sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði sérhæfða sjóða fyrir almenna fjárfesta á Íslandi. Innlausnarvirði þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsdeildarinnar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Allur hagnaður og arður af verðbréfaeign einstakra sjóðsdeilda, þ.e. vextir,

vaxtavextir, arður og aðrar tekjur sjóðsdeildarinnar leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðsdeildum.

1.11. Upplýsingar um sjálfbærni fjárfestingarmarkmið og fjárfestingaheimildir sjóðsdeilda

Sjálfbærni

SIV eignastýring hefur mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og má nálgast hana á heimasíðu félagsins. Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hafa stefnu rekstraraðila um ábyrgar fjárfestingar til hliðsjónar við fjárfestingarákvarðanir sínar. Rekstraraðili sjóðsins telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma.

SIV eignastýring hefur innleitt reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Innleiðing reglugerðarinnar mun halda áfram að þróast og dýpka eftir því sem upplýsingar sem nýttar eru í starfsemi félagsins verða betri og gagnlegri. SIV eignastýring leggur áherslu á að viðskiptavinir félagsins séu upplýstir um með hvaða hætti starfsmenn félagsins vinna eftir regluverki sjálfbærra fjármála í starfsemi sinni. Á heimasíðu félagsins má nálgast umfjöllun um sjálfbærni í skjalinu ,,Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni“.

Sjálfbærniáhætta getur haft neikvæð áhrif á virði og ávöxtun fjárfestinga Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og markmið SIV er að lágmarka þessa áhættu. SIV eignastýring hefur í því skyni innleitt í starfsemi sína stefnur og ferla sem eru hluti af fjárfestingarferli sjóða og er sjálfbærniáhætta metin að því marki sem traustar upplýsingar frá útgefendum fjármálagerninga eru aðgengilegar við ákvarðanatöku. Með sjálfbærniáhættu er átt við atburð eða ástand, sem tengist umhverfisþáttum, félagsþáttum eða stjórnarháttum, sem ef það á sér stað, gæti valdið raunverulegum eða hugsanlegum verulegum neikvæðum áhrifum á verðmæti fjárfestinga.

Útfrá SFDR reglugerðinni þá eru allar sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. fjármálaafurðir samkvæmt 6. grein þar sem sjóðsdeildirnar taka ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti þar sem þær fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru til fjármálaafurða til að þær geti talið að með fjárfestingum sínum stuðli þær að sjálfbærni eða hafi sjálfbærni sem markmið.

Fjárfestingarheimildir

Fjárfestingar sjóðsdeilda þurfa að vera í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í B. hluta X. kafla laga 45/2020 er fjallað um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Nánar er greint frá fjárfestingarheimildum í fjárfestingarstefnu hverrar sjóðsdeildar.

Í samræmi við lög nr. 45/2020 hafa sjóðsdeildir heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildirnar gilda, sbr. einkum 89., 92., og 93. gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildum sjóðsins er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu sbr. 91. gr. laga nr. 45/2020. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsdeildanna. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Sjóðsdeildum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim. Reglur sjóðsdeilda setja rammann sem sjóðsdeildum ber að starfa eftir, reglur sjóðsins geta aldrei vikið frá heimildum laga.

Hver sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hefur sína eigin fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildir sjóðsins eru bundnar af fjárfestingarstefnu eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins (sjá fylgiskjal nr. 1) með hliðsjón af þeim fjárfestingarheimildum sem koma fram í 89. – 96. gr. laga nr. 45/2020 (sjá fylgiskjal nr. 2). Er sjóðstjórum óheimilt að víkja frá þeim reglum er þar koma fram.

Fjárfestingarstefna sjóðsdeilda er uppbyggð á ólíkan hátt og því geta fjárfestingarmarkmið

sjóðsdeilda verið mismunandi. Markmið þessi fela í sér þær áherslur sem stjórn SIV eignastýringar hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum einstakra sjóðsdeilda. Stjórn SIV eignastýringar hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt markmiðum þessum hvenær sem er en allar breytingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu til samþykktar. Breyting á fjárfestingarstefnu felur í sér breytingu á reglum sjóðsins og öðlast breyting því ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins en Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu, sbr. 85. gr. laga nr. 45/2020. SIV eignastýring hf. skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsdeildar um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

a. SIV Lausafjársjóður hs.

SIV Lausafjársjóður er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfða sjóða, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðsdeildin er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsdeildarinnar er að skila jafnri ávöxtun á skammtímavaxtamarkaði með fjárfestingu í dreifðu safni innlána, víxla og skuldabréfa með áherslu á góðan seljanleika. Leitast er við að takmarka vaxtaáhættu og er meðallíftími eigna sjóðsins að hámarki 180 dagar. Hámarkslíftími einstakra fjárfestinga sjóðsins skal ekki vera hærri en 397 dagar. Engin takmörkun er þó á líftíma einstakra fjármálagerninga útgefnum af íslenska ríkinu, eða með ábyrgð þess, eða á sértryggðar útgáfur fjármálafyrirtækja.

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Innlán fjármálafyrirtækja	30-100%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess, eða útgefnir af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0-70%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja	0-50%
Skuldarbréf og peningamarkaðsgerningar sveitarfélaga	0-30%
Afleiður	0-30%

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður, t.d. framvirka samninga, valrétti eða skiptasamninga sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu s.s. endurfjárfestingaráhættu, vaxtaáhættu og lausafjáráhættu vegna innlausna. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum sínum í viðskiptum með afleiður en hámark við sama mótaðila skal þó aldrei vera hærra en 10% , sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðsdeildinni er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður í samræmi við 4. og 5. tl. 89. gr., 92. gr., 1. og 3. tl. 1. mgr. 93. gr. og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðsdeildinni er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Fjárfestingar sjóðsdeildarinnar í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsdeildarinnar og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Nánar má lesa um fjárfestingarstefnuna í reglum sjóðsins sem fylgja útboðslýsingu í fylgiskjali 1.

b. SIV Skammtímasjóður hs.

SIV Skammtímasjóður hs. er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar. og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur sem slík aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðsdeildin fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðsdeildin er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsdeildarinnar er ISK (íslenskar krónur).

Rekstraraðili sjóðsdeildarinnar hefur afmarkað fjárfestingastefnu og felur fjárfestingastefnan í sér þær áherslur sem stjórn rekstraraðila telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum sjóðsdeildarinnar.

Fjárfestingamarkmið sjóðsdeildarinnar er að skila jafnri ávöxtun á skammtímavaxtamarkaði með fjárfestingu í dreifðu safni innlána fjármálafyrirtækja, víxla og skuldabréfa.Leitast er við að takmarka vaxtaáhættu og skal líftími sjóðsins vera 397 dagar að hámarki.

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Skuldabréf og peningamarkaðsgerningarútgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0 – 100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 100%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar sveitafélaga	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar annarra útgefanda	0 – 40%
Afleiður	0 – 30%

Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta allt að 100% í eignum í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess skv. heimild Fjármálaeftirlitsins (sjá nánar Takmarkanir á vægi einstakra útgefanda).

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 100% af eignum sjóðsins.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Peningamarkaðsgerningar eru þeir flokkar fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi peningamarkaðsgerninga skal ávallt vera styttri en 397 dagar.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skuldabréfum, víxlum og skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skráðum og framseljanlegum

skuldabréfum, víxlum og skuldaviðurkenningum útgefnum af sveitarfélögum.

Þá er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta fyrir allt að 40% af eignum í skuldabréfum, víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum annarra útgefenda en að ofan greinir. Má þar til dæmis nefna skuldaviðurkenningar fyrirtækja.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin er ekki bundin takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í eignasafni að öðru leiti en lög kveða á um hverju sinni, sbr. 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020.

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðsdeildinni heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsdeildarinnar dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svara til 30% af eignum sjóðsins.

Lántaka

Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðnum heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.

Laust fé

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildina gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum í viðskiptum með afleiður.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Annað

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.

c. SIV Skuldabréf hs.

SIV Skuldabréf er sjóðsdeild innan sjóðsins og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur sem slík aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Fjárfestingarmarkmið sjóðdeildarinnar er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á skuldabréfamarkaði með og án ríkisábyrgðar.

SIV Skuldabréf er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í fjármálagerningum, s.s. skuldabréfum og víxlum, útgefnum af íslenskum fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu. Nánari útlistun á fjárfestingarstefnu og heimildum má finna í töflu hér fyrir neðan.

Skuldabréf og víxlar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0 – 100%
Sértryggð skuldabréf, útgefin skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0 – 100%
Önnur skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar	0 – 100%
Skuldabréf með breytirétti	0 - 15%
Hlutabréf sem tilkomin eru vegna nýtingar á breytirétti skuldabréfa	0 - 15%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 60%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (UCITS) eða sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum	0 – 20%
Óskráð skuldabréf og víxlar	0 – 25%
Afleiður	0 – 30%
Skortsala skráðra skuldabréfa og peningamarkaðsgerninga	0 – 20%

Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess skv. heimild Fjármálaeftirlitsins (sjá nánar takmarkanir á vægi einstakra útgefanda).

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum og peningarmarkaðsgerningum, sbr. 1.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Peningamarkaðsgerningar eru þeir flokkar fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 100% af eignum sínum í skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Þá er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í öðrum skráðum og framseljanlegum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum (s.s. víxlum). Má þar til dæmis nefna skuldabréf útgefin af fyrirtækjum, sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum.

Einnig hefur sjóðsdeildin heimild til þess að fjárfesta fyrir samtals allt að 15% af eignum í skráðum og óskráðum skuldabréfum með breytirétti og fyrir samtals allt að 15% af eignum í skráðum og óskráðum hlutabréfum sem eru tilkomin vegna skuldabréfakaupa sjóðsins.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 60% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Óskráð verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 25% af eignum sjóðsdeildarinnar í óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum (s.s. víxlum) en fjárfesting sjóðsdeildarinnar í óskráðri útgáfu eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins, skv. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Samkvæmt 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum sérhæfðra sjóða, annarra en kveðið er á um í 2. tl. sömu greinar. Á grundvelli framangreindrar heimildar er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta allt að 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í skuldabréfum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin er ekki bundin takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í eignasafni að öðru leyti en lög kveða á um hverju sinni, sbr. 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðsdeildinni heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsdeildarinnar dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Skortsala

Sjóðsdeildin hefur heimild til skortsölu á skráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerninga-verðbréfa í samræmi við 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðsdeildin hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af eignum sjóðsdeildarinnar. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Lántaka

Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsdeildarinnar.

Laust fé

Í samræmi við 90. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildina gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðsdeildin sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðsdeildinni er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum í viðskiptum með afleiður sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 10% af eignum í viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins.

Aðrar fjárfestingarheimildir B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta.

d. SIV Hlutabréf hs.

SIV Hlutabréf er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsdeildarinnar er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í Nasdaq Iceland eða First North Iceland markaðnum. Sjóðsdeildinni er einnig

heimilt að fjárfesta í óskráðum íslenskum hlutafélögum. Fjárfestingum sjóðsdeildarinnar verður beint að þeim fjárfestingarkostum sem SIV eignastýring hf. og sjóðstjórar sjóðsdeildarinnar telja líklegasta til að skila bestri ávöxtun.

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Hlutabréf skráð á NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	25– 100%
Hlutabréf skráð í erlenda kauphöll en með starfsemi á Íslandi	0 – 75%
Óskráð innlend hlutabréf	0 – 30%
Skuldabréf með breytirétti	0 – 25%
Afleiður	0 – 25%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 20%
Hlutdeildarskírteini í innlendum sérhæfðum sjóðum	0 – 20%
Skortsala hlutabréfa	0 – 20%

Skráð verðbréf

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta að lágmarki 25% og að hámarki 100% af eignum í innlendum framseljanlegum hlutabréfum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Nordic Iceland eða First North Iceland markaðnum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 75% af eignum í hlutabréfum félaga með starfsemi á Íslandi sem tekin hafa verið til viðskipta í erlendri kauphöll. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að fjárfesta í skuldabréfum með breytirétti í hlutabréf, útgefnum af íslenskum félögum fyrir allt að 25% af eignum sjóðs. Viðmiðið er að hlutabréf viðkomandi félags séu skráð í viðurkennda kauphöll en ekki skilyrði. Sjá heimild sjóðsins til fjárfestinga í óskráðum innlendum hlutabréfum frekar í þessu samhengi.

Óskráð verðbréf

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta allt að 30% af eignum sjóðsins í óskráðum íslenskum hlutabréfum en fjárfesting sjóðsdeildarinnar í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Skortsala

Sjóðsdeildin hefur heimild til skortsölu á skráðum innlendum hlutabréfum sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðsdeildin hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Sjóðsdeildin hefur heimild til þess að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sbr. 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 20% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Laust fé

Í samræmi við 90. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin nýtir sér heimild 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 20% af eignum

sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsdeildarinnar í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsdeildarinnar aðeins í einum útgefanda.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 25% af eignum í viðskiptum með afleiður, þó aldrei meira en 10% við sama aðila sbr. 3. tl. 1 mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins

e. SIV Eignasafn hs.

SIV Eignasafn er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðsdeildin er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Markmið sjóðsdeildarinnar er að auka verðmæti hlutdeildarskírteina með því að fjárfesta í vel dreifðu safni hlutabréfa og skuldabréfa með áherslu á virka stýringu og góða dreifingu útgefenda.

Sjóðsdeildin fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða, auk þess að fjárfesta í stökum fjármálagerningum og innlánum í samræmi við fjárfestingastefnu. Til að auka eignadreifingu er reynt að fjárfesta í sjóðum frekar en stökum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum Ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengur.

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Hlutabréf	30-70%
Skuldabréf, innlán og peningamarkaðsgerningar	0-70%
Innlán og peningamarkaðsgerningar	*0-70%*
Ríkisskuldabréf	*0-70%*
Sértryggð skuldabréf	*0-70%*
Önnur skuldabréf	*0-50%*
Sérhæfðir sjóðir samkvæmt. 6.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020	0-20%
Afleiður	0-30%

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í beint í eignaflokkum samkvæmt fjárfestingarheimildum sínum eða í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta í aðallega í viðkomandi eignaflokkum. Fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarheimildum geta verðið í innlendum fjármálagerningum sem og erlendum fjármálagerningum. Heildarfjárfesting í erlendum fjármálagerningum skal þó vera 50% að hámarki. Heimilt er að kaupa sérhæfða sjóði samkvæmt 6. tl. 89 gr. laga nr 45/2020 og afleiður mega vera að hámarki 30%

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 25% af eignum í viðskiptum með afleiður, þó aldrei meira en 10% við sama aðila sbr. 3. tl. 1 mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins

1.12. Áhætta

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsdeilda sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu en fjárfesting í sjóðum er að öllu jöfnu áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum vegna þess að sjóðir áhættudreifa sínum fjárfestingum með fjárfestingum í safni verðbréfa. Fjárfesting í sjóðum felur í sér áhættu og gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfesting í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Áhættustig sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta er þó mismunandi og fer áhættustigið eftir fjárfestingarstefnu sjóðsins og eru hlutabréfasjóðir til dæmis almennt áhættumeiri en skuldabréfasjóðir. Gengi hlutabréfasjóða ræðst af þróun á hlutabréfamarkaði en hlutabréfaverð ræðst af mörgum þáttum og vega framtíðarvæntingar um afkomu félaga þar mikið.

Í fjárfestingarstefnu sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er að finna heimild til notkun afleiðna. Afleiður geta verið notaðar sem hluti af áhættustýringu til að draga úr áhættu og til að fastsetja hagnað eða ákveðið verð, vegna fyrirsjáanlegra innlausna, vegna markaðsaðstæðna, til að auka áhættu sjóðsins o.s.frv. Sjóðsdeild sem nýtir afleiður í sinni stýringu þarf ekki endilega að vera áhættumeiri en deild sem nýtir ekki afleiður en það fer eftir eðli afleiðuviðskiptanna.

Fjárfesting í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er jafnan hugsuð til langs tíma. Virði fjárfestinga getur lækkað jafnt sem hækkað þannig að fjárfestar geta fengið minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um hver ávöxtun verður í framtíð. Mælt er með því að þeir fjárfestar sem hug hafa á kaupum í ofangreindum sjóðsdeildum íhugi vel þær fjárhagslegu afleiðingar sem kaupin kunna að hafa í för með sér.

Hafa skal í huga að útboðslýsing þessi er samin miðað við þær forsendur að ytri aðstæður, s.s. skattareglur haldist óbreyttar til framtíðar.

a. Sjálfbærni áhætta

Í SFDR regluverkinu er áhætta tengd sjálfbærni skilgreindur atburður eða ástand sem tengist umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum félagsins, og gæti ef raungerist haft veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestinga. SIV eignastýring hefur mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og má nálgast hana á heimasíðu félagsins. SIV eignastýring leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum og sjóðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi og taka virkan þátt í þróun á sjálfbærum fjármálaafurðum. Samkvæmt SFDR reglugerðinni þá uppfylla sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. 6. grein þar sem sjóðsdeildirnar fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru til að þær geti talið að með fjárfestingum sínum stuðli þær að sjálfbærni eða hafi sjálfbærni sem markmið . Sjálfbærniáhætta er því ekki í sjálfu sér að koma í veg fyrir að sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar fari í ákveðna fjárfestingu. Þess í stað er sjálfbærniáhætta skoðuð þegar áhætta fjárfestinga er skoðuð sem ein af fjölmörgum matsaðferðum sem notaðar eru við fjárfestingarákvarðanir. Áhrif sjálfbærniáhættu geta verið ólík milli eignaflokka. Ef slík áhætta raungerist sem sjóðsstjórar SIV eignastýringar sjá ekki fyrir, þá getur það haft neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

b. Áhætta hlutabréfa

Sveiflur á virði hlutabréfa eru tíðar, bæði upp og niður. Slíkar sveiflur á virði hlutabréfa geta orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Sveiflur á gengi hlutabréfa geta tengst rekstri fyrirtækja, þ.e. að virði hlutabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri fyrirtækisins, samkeppnisaðila þess eða viðkomandi atvinnugrein. Almennur efnahagur á alþjóðavettvangi og innanlands, getur einnig haft áhrif á gengi hlutabréfa. Auk þess geta markaðsaðstæður haft áhrif á gengi hlutabréfa, s.s. væntingar fjárfesta sem byggjast á huglægum þáttum frekar en að almennar horfur gefa tilefni til varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, vaxtaþróun hverju sinni og markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum. Þá hefur þróun vaxta til lengri tíma einnig áhrif á gengi hlutabréfa.

Engin loforð eru veitt um endurgreiðslu þegar fjárfest er í formi hlutabréfa, enda eru fjárfestar hlutabréfa hluthafar fyrirtækja en ekki lánadrottnar. Þeir njóta því velgengni fyrirtækja, þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæð, en hafa minni kröfurétt til fyrirtækja þegar/ef þau lenda í rekstrar- og/eða greiðsluerfiðleikum.

Sumum sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er heimilt að fjárfesta í óskráðum fjármálagerningum. Slíkar fjárfestingar eru sérstaklega áhættusamar. Þar sem slíkir fjármálagerningar eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki virk verðmyndun með slíka fjármálagerninga. Aukinheldur ber að hafa í huga að sú upplýsingaskylda, sem hvílir á útgefendum skráðra fjármálagerninga, hvílir ekki á útgefendum óskráðra fjármálagerninga. Upplýsingaskylda útgefenda óskráðra fjármálagerninga fer því eftir hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og samþykktum viðkomandi útgefanda.

c. Áhætta skuldabréfa

Verðmæti skuldabréfa getur breyst, en almennt ekki í sama mæli og verðmæti hlutabréfa. Sveiflur í virði skuldabréfa geta þó orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Sveiflur á gengi skuldabréfa geta tengst rekstri fyrirtækja, þ.e. að virði skuldabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri fyrirtækisins, samkeppnisaðila þess eða viðkomandi atvinnugrein. Almennur efnahagur getur einnig haft áhrif á gengi skuldabréfa og efnahagslægð kæmi til með að hafa áhrif á gengi skuldabréfa sem útgefin eru af ríkisstjórn þess lands þar sem efnahagslægð á sér stað. Auk þess geta markaðsaðstæður haft áhrif á gengi skuldabréfa, s.s. væntingar fjárfesta sem byggjast á huglægum þáttum frekar en almennar horfur gefa tilefni til varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, vaxtaþróun hverju sinni og aðstæður á verðbréfamörkuðum. Þróun vaxta til lengri tíma hefur einnig áhrif á gengi skuldabréfa og kemur slík þróun oft fram með skýrari hætti í virði skuldabréfa en hlutabréfa. Lánshæfismöt fyrirtækja og ríkisstjórna hafa einnig áhrif á gengi skuldabréfa, en slík lánshæfismöt eru almennt tengd rekstrarhorfum og efnahagsreikningum fyrirtækja og efnahagshorfum viðkomandi ríkis.

Hlutabréfasjóðir eru almennt áhættumeiri en skuldabréfasjóðir. Gengi þeirra er háð mörgum þáttum en þar vega væntingar um afkomu hlutafélaga þungt. Gengi skuldabréfasjóða er meðal annars háð þróun markaðsvaxta. Þannig falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði ef vextir hækka og skuldabréf með háum meðallíftíma falla meira í verði en skuldabréf með lágum meðallíftíma, miðað

við sömu breytingar á ávöxtunarkröfu.

Skuldabréf er loforð um endurgreiðslu fjármagns samkvæmt forsendum bréfsins. Fjárfestar skuldabréfa eru lánadrottnar útgefanda skuldabréfanna. Þeir njóta því ekki velgengni fyrirtækja þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæð að sama skapi og hluthafar þeirra, en hafa meiri kröfurétt til útgefenda ef þeir lenda í rekstrar- og/eða greiðsluerfiðleikum. Það getur gerst að skuldari með gott lánshæfismat, sem almennt flokkast sem tryggur skuldari, geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og lendi í greiðsluerfiðleikum.

Fjárfesting í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta felur í sér áhættu og gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er háð þróun ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Við breytingu markaðsvaxta breytist verðmæti eignar sjóðsins þannig að ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í stökum verðbréfum.

d. Áhætta afleiða

Deildir sjóðsins hafa heimild til að binda fé sitt í afleiðum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Sjóðsdeildum er heimilt að nota afleiður bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu eða að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir sem sjóðsdeildir nota eru framvirkir samningar. Með framvirkum samningum skuldbinda sjóðsdeildir sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjalddaga í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu.

Fjárfestingum í afleiðum fylgir áhætta eins og við hefðbundnar fjárfestingar í verðbréfum en áhættan getur oft á tíðum verið annarskonar og í sumum tilvikum áhættusamari en hefðbundin fjárfesting í verðbréfum. Verðmæti afleiðna breytist miðað við verðþróun á undirliggjandi fjármálagerningum og því getur sjóðurinn bæði hagnast og tapað á notkun afleiðna.

e. Áhætta sérhæfðra sjóða

Ákveðnum sjóðsdeildum er heimilt að fjárfesta í öðrum sérhæfðum sjóðum, sbr. 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020. Fjárfesting í sérhæfðum sjóðum eykur lausafjáráhættu sjóðsins þar sem ekki kann að vera mögulegt að selja eignir í tæka tíð til þess að mæta innlausnum. Slíkar eignir kunna enn fremur að vera áhættusamar sem kann að auka áhættu sjóðsins frekar.

f. Áhætta óskráðra hlutabréfa

Ákveðnum sjóðsdeildum er heimilt að fjárfesta í óskráðum innlendum hlutabréfum. Slíkar fjárfestingar eru sérstaklega áhættusamar. Þar sem slíkir fjármálagerningar og víxlar eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki virk verðmyndun með slíka fjármálagerninga og víxla. Upplýsingaskylda útgefenda óskráðra fjármálagerninga og víxla fer því eftir hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og samþykktum viðkomandi útgefanda.

g. Markaðsáhætta

Sú áhætta sem er sameiginleg gagnvart heilum eignaflokki er markaðsáhætta. Henni er ekki hægt að verjast algerlega en hún minnkar eftir því sem eignasafn er dreifðara. Margir þættir geta haft áhrif á verðmyndun á markaði en snöggar breytingar á framboði eða eftirspurn á markaði getur haft veruleg áhrif á markaðsverðmæti eigna. Erfiðar rekstraraðstæður geta gert það að verkum að áhætta sjóðsins vegna hvers og eins félags er meiri en ella hefði verið.

h. Vaxtaáhætta

Áhætta vegna breytinga á vöxtum. Vaxtabreytingar hafa áhrif á virði peningamarkaðsgerninga,. skulda- og hlutabréfa þannig að hærri vextir þýða öllu jöfnu lægra verð bréfa og öfugt.

i. Gjaldmiðlaáhætta

Ef eignir eru skráðar í ólíkum gjaldmiðlum þá hafa breytingar á gengi gjaldmiðla áhrif á virði eignanna mælt í mynt fjárfestis eða sjóðs. Þannig getur virði eignasafns breyst þó virði hverrar eignar sé óbreytt í þeirri mynt sem hún er skráð í.

j. Áhætta vegna fárra útgefenda

Þegar fá félög og flokkar eru skráð í kauphöll, er ljóst að tækifæri sjóðsins til að fjárfesta í skráðum verðbréfum eru takmörkuð. Af þessu leiðir að fjárfesting í hverjum útgefanda kann að vera hærra hlutfall af sjóðnum en ella hefði verið og líklegt að áhættudreifing sjóðsins, m.t.t. fjölda útgefenda, verði því ekki eins og best verður á kosið.

k. Seljanleikaáhætta/lausafjáráhætta

Sú staða getur komið upp að ekki sé hægt eða erfitt að selja fjármálagerninga þegar mæta á innlausnum úr sjóðsdeildum sjóðsins eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að ekki séu til staðar kaupendur á markaði sem eru reiðubúnir að kaupa það magn verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga né á því verði sem ásættanlegt er á þeim tíma sem nauðsynlegt er. Seljanleiki getur breyst yfir tíma.

l. Ytri aðstæður

Ýmis ytri atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Þættir eins og breytt löggjöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja geta haft veruleg áhrif á eignarhluti sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum.

m. Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum

Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er í innlánum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að innlán í eigu sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta njóta ekki forgangs við slita- eða skiptameðferð fjármálafyrirtækja.

n. Greiðsluáhætta

Sú áhætta að útgefandi fjármálagernings standi ekki í skilum á gjalddaga. Munur á greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu er að mótaðili í viðskiptum er yfirleitt ekki útgefandi fjármálagernings, t.d. skuldabréfs.

o. Uppgjörsáhætta

Sú áhætta að mótaðili í viðskiptum standi ekki við sitt á réttum tíma. Nánar tiltekið að greiðslur berist ekki á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í gegnum greiðslukerfið vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

p. Vörsluáhætta

Eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða svika af hálfu vörsluaðila.

q. Verðbólguáhætta

Verðbólga skerðir raunávöxtun hlutabréfa og óverðtryggðra skuldabréfa en verðtryggð skuldabréf njóta verðtryggingar. Verðbólga hefur einnig bein áhrif á gengi skuldabréfa og þannig verður til áhætta vegna verðbólgu.

r. Höfuðstólsáhætta

Í eðli sínu geta fjármálagerningar sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í á hverjum tíma.

Fjárfestingu í hvers konar skuldaviðurkenningum fylgir því einnig alltaf áhætta á að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Þó tryggingar kunni að vera settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverjum ástæðum eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Framangreint getur leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Hið sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

1.13. Nánari lýsing á áhættu í tengslum við fjárfestingu í einstökum sjóðsdeildum

a. SIV Lausafjársjóður hs.

SIV Lausafjársjóður hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestir í innlánum fjármálafyrirtækja og skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum gefnum út af íslenska ríkinu, sveitarfélögum eða fjármálafyrirtækjum. Ákveðin útlána eða greiðsluáhætta er því til staðar, ef til dæmis útgefandi greiði ekki skuld sína við sjóðinn á gjalddaga. Meðallíftími eigna (e. *Duration*) sjóðsdeildarinnar skal ekki vera lengri en 180 dagar. Vaxtaáhætta er til staðar þar sem ávöxtunarkrafa peningamarkaðsgerninga og skuldabréfa á markaði sveiflast og getur leitt til lækkunar eða hækkunar á virði eigna. Sjóðsdeildin fjárfestir bæði í óbundnum og bundnum innlánum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán). Innlán í eigu sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta njóta ekki forgangsréttar við slitameðferð fjármálafyrirtækja hvort sem um óbundin eða bundin innlán er að ræða, og eru því almennt áhættumeiri fjárfesting en innlán sem eru t.d. í eigu einstaklinga eða almennra fyrirtækja. Þar sem meðaltími sjóðsdeildarinnar takmarkast við 180 daga er vaxtaáhættan með minnsta móti. Þar sem sjóðsdeildin má fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum eignum bera eignir sjóðsdeildarinnar verðbólguáhættu.

b. SIV Skammtímasjóður hs.

SIV Skammtímasjóður er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestir í innlánum fjármálafyrirtækja, stuttum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum. Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem gefin eru út af íslenska ríkinu, fjármálafyrirtækjum, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Ákveðin útlána eða greiðsluáhætta er því til staðar ef útgefandi greiðir ekki skuld sína á gjalddaga. Áætlaður meðallíftími (e. *duration*) sjóðsins skal ekki vera lengri en 397 dagar. Vaxtaáhætta er til staðar þar sem ávöxtunarkrafa skuldabréfa á markaði sveiflast og getur leitt til lækkunar eða hækkunar á virði eigna sjóðsins. Innlán í eigu sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta njóta ekki forgangsréttar við slitameðferð fjármálafyrirtækja hvort sem um óbundin eða bundin innlán er að ræða, og eru því almennt áhættumeiri fjárfesting en innlán sem eru t.d. í eigu einstaklinga eða almennra fyrirtækja. Þar sem meðaltími sjóðsdeildarinnar takmarkast við 397 daga er vaxtaáhættan með minnsta móti. Þar sem sjóðsdeildin fjárfestir jafnt í verðtryggðum og óverðtryggðum eignum bera eignir sjóðsdeildarinnar verðbólguáhættu.

c. SIV Skuldabréf hs.

Fjárfesting í sjóðsdeildinni felur í sér áhættu því gengi sjóðsdeildarinnar getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi sjóðsdeildarinnar og ávöxtun er m.a. háð þróun skuldabréfaverðs og markaðsvaxta því ef skuldabréfaverð lækkar þá lækkar gengi sjóðsins og ef markaðsvextir hækka þá lækkar verð skuldabréfa sem bera fasta nafnvexti. Einstaka útgefendur verðbréfa sem sjóðsdeildin fjárfestir í á hverjum tíma geta orðið gjaldþrota og sjóðsdeildin tapað kröfum sínum. Fjárfesting í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta er þó almennt áhættuminni en fjárfesting í stökum verðbréfum. Fjárfesting í sjóðsdeildinni fylgir þó alltaf áhætta því eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta getur rýrnað í verði, aukist að verðmæti eða staðið í stað allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn hefur fjárfest í á hverjum tíma.

Sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í sjóðum og í óskráðum skuldabréfum. Þetta eykur lausafjáráhættu sjóðsins þar sem ekki kann að vera mögulegt að selja eignir í tæka tíð til þess að mæta innlausnum. Slíkar eignir kunna ennfremur að vera áhættusamari sem kann að auka áhættu sjóðsins frekar.

d. SIV Hlutabréf hs.

Fjárfesting í sjóðsdeildinni felur í sér áhættu því gengi sjóðsdeildarinnar getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi sjóðsdeildarinnar og ávöxtun er m.a. háð þróun hlutabréfaverðs og markaðsvaxta

því ef hlutabréfaverð lækkar þá lækkar gengi sjóðsdeildarinnar og ef markaðsvextir hækka umfram væntingar lækkar verð hlutabréfa að öllu öðru jöfnu.

Einstaka útgefendur verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma geta orðið gjaldþrota og sjóðsdeildin tapað kröfum sínum. Fjárfesting í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta er þó almennt áhættuminni en fjárfesting í stökum verðbréfum. Fjárfesting í sjóðsdeildinni fylgir þó alltaf áhætta því eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta getur rýrnað í verði, aukist að verðmæti eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn hefur fjárfest í á hverjum tíma.

Sjóðsdeildin hefur heimild til fjárfestinga í sérhæfðum sjóðum og í óskráðum hlutabréfum. Þetta eykur lausafjáráhættu sjóðsins þar sem ekki kann að vera mögulegt að selja eignir í tæka tíð til þess að mæta innlausnum. Slíkar eignir kunna ennfremur að vera áhættusamari sem kann að auka áhættu sjóðsdeildarinnar frekar.

e. SIV Eignasafn hs.

Fjárfesting í sjóðsdeildinni felur í sér áhættu því að gengi sjóðsdeildarinnar getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi sjóðsdeildarinnar og ávöxtun er m.a. háð þróun hlutabréfaverðs og markaðsvaxta því ef hlutabréfaverð lækkar þá lækkar gengi sjóðsdeildarinnar og ef markaðsvextir hækka umfram væntingar lækkar verð hlutabréfa að öllu öðru jöfnu.

Einstaka útgefendur fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma geta orðið gjaldþrota og sjóðsdeildin tapað kröfum sínum. Fjárfesting í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta er þó almennt áhættuminni en fjárfesting í stökum útgefendum fjármálagerninga. Fjárfesting í sjóðsdeildinni fylgir þó alltaf áhætta því eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta getur rýrnað í verði, aukist að verðmæti eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn hefur fjárfest í á hverjum tíma. Sjóðsdeildin hefur heimild til að kaupa eignir í erlendri mynt svo breytingar á gengi gjaldmiðla hafa áhrif á virði eignanna mælt í mynt fjárfestis eða sjóðsdeildarinnar, sem er íslenskar krónur. Þannig getur virði eignasafns breyst þó virði hverrar eignar sé óbreytt í þeirri mynt sem hún er skráð í.

1.14. Mat á eignum

Útreikningur á virði eigna sjóðsdeilda miðar við að eignir sjóðsdeilda á hverjum tíma endurspegli raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt birtu dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er háð mati rekstraraðila samkvæmt vinnureglu sem það setur, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, og skal tekið tillit til almennra markaðsaðstæðna á hverjum tíma.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda er metið sem markaðsvirði samanlagðra eigna og afleiðusamninga deildar að frádregnum skuldum sem við á, s.s. ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði, reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum og umsjónarlaunum. Markaðsvirði eigna sem eftir stendur er deilt með fjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina eigna til að finna gengi hverrar einingar. Gengi hlutdeildarskírteina er reiknað daglega og er birt á heimasíðu SIV eignastýringar, www.SIVeignastyring.is.

SIV eignastýring hf. mun halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum. Nýtt gengi reiknast hvern viðskiptadag.

1.15. Sölu og innlausnarverð hlutdeildarskírteina – gengi sjóðsdeilda

Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda í Fjárfestingarsjóð SIV eignastýringar er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á gengi og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs. er reiknað út daglega. Á heimasíðu SIV eignastýringar hf., www.SIVeignastyring.is, er að finna upplýsingar um gengi hlutdeildarskírteina sjóðdeildanna. Enginn gengismunur er á kaup og sölugengi sjóðsdeilda

Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs.

1.16. Upplýsingar um þóknanir sem sjóðurinn greiðir rekstraraðila, vörsluaðila eða þriðja aðila

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar greiða SIV eignastýringu hf. umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðanna. Umsýsluþóknunin er ákveðið hlutfall af eignum sjóðanna en hlutfallið er mismunandi eftir deildum. Umsýsluþóknunin er greidd SIV eignastýringu hf. til að standa straum af umsýslu ýmiskonar, þ.e. bókhaldi, útreikningi á innlausnarvirði, eftirliti, viðhaldi skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta o.s.frv. Umsýsluþóknun eru reiknuð á ársgrundvelli og er reiknuð daglega inn í gengi hlutdeildarskírteina sjóðsdeildanna. Yfirlit þóknanna sjóðsdeilda sjóðsins má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Sjóðsdeild	Umsýslu-þóknun	Gengis-munur	Upphafs-þóknun	Útgöngu-gjald	Árangurs-tenging
SIV Lausafjársjóður hs.	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Skammtímasjóður hs.	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Skuldabréf hs.	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Hlutabréf hs.	1,7%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Eignasafn hs.	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við

Í sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er enginn gengismunur og því sama kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi.

Í umsýsluþóknun er hvorki innifalinn beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins né kostnaður vegna Fjármálaeftirlits. Rekstraraðili endurkrefur sjóðinn um beinan útlagðan kostnað sem tengist starfsrækslu sjóðsins. Beinn útlagður kostnaður (upptalning er ekki tæmandi) s.s. kostnaður vegna; Fjármálaeftirlits, lögfræðiþjónustu, ýmissa ráðgjafarstarfa, endurskoðunar vegna sjóðsins, fjármálakerfa annarra en eignastýringarkerfa, hugbúnaðar og kostnað vegna tilkynninga til eigenda hlutdeildarskírteina. SIV eignastýring getur að hámarki krafið hverja sjóðsdeild um 0,2% á ári vegna slíks kostnaðar.

Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsins. Í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 45/2020, hefur SIV eignastýring hf. samið við T Plús um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins. Fyrir vörslu eigna sjóðsdeilda skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. gjaldskrá T Plús og er það innifalið í umsýsluþóknun sjóðsins. Umsýsluþóknun er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins.

Aðrar viðskiptaþóknanir s.s. vegna kaupa og sölu fjármaálgerninga sjóðsins, greiðir sjóðurinn sjálfur til þriðja aðila. Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í umsýsluþóknun.

Sjóðsdeildirnar fjárfesta ekki í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%. Engin upphafsþóknun eða útgöngugjald er hjá sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar. Afgreiðslugjald við kaup eða sölu er samkvæmt gjaldskrá söluaðila.

2. Upplýsingar um rekstraraðila sjóðsins

2.1 Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa

Rekstraraðili sjóðsins heitir SIV eignastýring hf., kt. 581022-0850, með skráða starfstöð og aðalskrifstofu að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

SIV eignastýring ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar eða deildum

hans og standa einvörðungu eignir hverrar sjóðsdeildar til fullnustu á skuldbindingum hverrar deildar, að undanskilinni hugsanlegri skaðabótaábyrgð SIV eignastýringar hf.

2.2. Stofndagur

SIV eignastýring hf. var stofnað 19. september 2022.

2.3. Aðrir sjóðir sem rekstraraðili annast rekstur á

SIV eignastýring hf. hefur starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfið tekur til reksturs sérhæfðra sjóða sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna og til eftirfarandi verkefna sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna:

1. tölul.: Eignastýring.
4. tölul.: Móttaka og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga.

Félagið mun auk þess reka sjóðina SIV equities slhf, SIV Credit Fund slhf, og SIV Fixed Income, en fleiri sjóðir kunna að bætast við.

2.4. Nöfn og staða stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila auk upplýsinga um helstu störf utan rekstraraðila

Meiri hluti stjórnarmanna SIV eignastýringar rekstarfélags hf. eru óháðir Vátryggingafélagi Íslands hf., sem er móðurfélag SIV eignastýringar. Að öðru leyti fer um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra eftir 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og 14. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:

Nöfn stjórnarmanna	**Kennitala**	**Heimili**	**Starf utan stjórnar**
Stjórnarformaður			
Andri Guðmundsson	160782-3669	Sólbraut 2, 170 Seltjarnarnesi	Framkvæmdarstjóri hjá Vaxa
Meðstjórnendur			
Ólof Hildur Pálsdóttir	190377-5639	Hvannakur 7, Garðabæ	Meðstjórnandi hjá Eimskip hf.
Ragnheiður Þorkelsdóttir	311278-5419	Þorrasalir 35, Kópavogi	Forstöðumaður viðskipta- og vöruþróunar hjá Vátryggingafélagi Íslands hf.

Andri Guðmundsson (f. 1982)

Andri er framkvæmdarstjóri viðskiptaþróunar hjá Feel Good ehf. (VAXA). Frá 2016-2021 var Andri stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri hjá Fossum. Á árunum 2005 til 2014 var Andri hjá H.F. verðbréfum hf., þar starfaði hann við verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf og svo sem framkvæmdarstjóri. Andri hefur setið í stjórn Viðskiptaráðs Íslands og Sænsk- íslenska viðskiptaráðinu. Andri er með BS gráðu í eðlisfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi til að öðlast verðbréfaréttindi. Andri tók sæti í stjórn SIV eignastýringar árið 2024 og telst vera óháður stjórnarmaður.

Ólöf Hildur Pálsdóttir (f. 1977)

Ólöf er meðstjórnandi hjá Eimskip hf. og var áður meðstjórnandi hjá Reginn og í varastjórn VÍS. Ólöf starfaði hjá atNorth ehf. sem framkvæmdatjóri fjármála og rekstrar árin 2019 til 2021 og þar áður hjá Arion banka sem forstöðumaður lánaráðgjafar og greiningar, viðskiptastjóri og sérfræðingur frá 2009 til 2019. Jafnframt sat hún í lánanefndum bankans frá 2012 og ALCO. Ólöf starfaði hjá Kaupþingi frá 1997 til 2009 í greiningardeild, eignastýringu, sem sjóðstjóri og fjárfestingastjóri, og fjárfestatengslum..

Ólöf er með cand.oecon gráðu í viðskiptum með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands (2002) auk þess að hafa lokið prófi til að öðlast verðbréfaréttindi.

Ólöf tók sæti í stjórn SIV eignastýringar árið 2022 og telst vera óháður stjórnarmaður.

Ragnheiður Þorkelsdóttir (f. 1978)

Ragnheiður er forstöðumaður viðskipta- og vöruþróunar hjá VÍS frá maí 2022. Starfaði þar áður sem gæðastjóri hjá sama félagi. Frá 2008 til 2019 starfaði Ragnheiður hjá ADVEL lögmönnum og var þar meðeigandi.

Ragnheiður er með Cand. Jur. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

Ragnheiður tók sæti í stjórn SIV eignastýringar árið 2022 og telst vera háður stjórnarmaður.

Arnór Gunnarsson framkvæmdastjóri SIV eignastýringar hf. (f. 1978)

Arnór er framkvæmdastjóri SIV eignastýringar hf. frá því í september 2022. Áður var Arnór forstöðumaður fjárfestinga hjá VÍS frá desember 2017 til september 2022. Arnór hefur starfað við eignastýringu frá árinu 2001 hjá Kaupþingi banka, Rekstrarfélagi Kaupþings, Stefni og Öldu sjóðum þar sem hann var auk þess meðeigandi. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi sem Chartered Financial Analyst (CFA).

2.5. Nafn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda rekstraraðila

Endurskoðandi sjóðsins og rekstraraðila er PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

2.6. Hlutafé og hve mikið hefur verið greitt

Hlutafé SIV eignastýringar hf. er 200.000.000 kr. og hefur allt verið greitt með peningum.

2.7 Starfskjarastefna

Félaginu hefur verið sett starfskjarastefna. Meginsjónarmið varðandi kjör starfsfólks SIV er að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til þess að félagið geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk. Jafnframt er markmið SIV að tryggja að störf hjá félaginu séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga. Við mörkun starfskjarastefnunnar skal gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur félagsins tryggður. Starfskjarastefnu félagsins er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti og þar með draga úr sjálfbærniáhættu.

Starfskjarastefnan er liður í að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa, annarra viðskiptavina, langtímahagsmuna eigenda SIV, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti.

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og góða stjórnarhætti ber stjórn félagsins að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess. Starfskjarastefna SIV gildir um allt starfsfólk félagsins. Gildandi starfskjarastefnu má finna í heild sinni á heimasíðu félagsins.

3. Upplýsingar um vörsluaðila sjóðsins

3.1. Heiti og félagsform

Vörsluaðili Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er T plús hf., kt. 531009-1180. T plús er hlutafélag og með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3.2. Skráð skrifstofa

Skráð skrifstofa T Plús hf. er Skipagata 9, 600 Akureyri, Ísland.

3.3. Meginstarfsemi og hlutverk vörsluaðila

Hlutverk vörslufélags er m.a. umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsdeilda og eftirlit.

T Plús hefur heimild til að gegna hlutverki vörsluaðila sérhæfðra sjóða á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 45/2020. T Plús er háð eftirliti og varfærnisregluverki sem um starfsemi félagsins gilda og hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 3. mgr. 14. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Skyldur T Plús sem vörsluaðila:

- Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta fari samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum hlutaðeigandi aðila,
- Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmælum og reglur hlutaðeigandi aðila,
- Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
- Tryggja að í viðskiptum með eignir sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
- Tryggja að tekjum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart rekstraraðila og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörsluaðila við framkvæmd verkefna þess skv. 42. gr. laga nr. 45/2020.

4. Aðrar upplýsingar

4.1. Tilgreining á starfsemi sem rekstraraðila hefur verið falið að úthýsa

SIV eignastýring hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til eftirfarandi aðila með skriflegum útvistunarsamningum og samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 29. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða:

Útvistað til Vátryggingafélags Íslands hf.

a. Bókhalds- og uppgjörsþjónusta
b. Innheimta
c. Launavinnsla
d. Markaðssetning
e. Lögfræðiþjónusta
f. Upplýsingatækni og tölvukerfi
g. Regluvarsla

Útvistað til T Plús hf.

a. Vörsluþjónusta, umsýsla og uppgjör viðskipta
b. Útvistun tiltekinna verkefna, þ.m.t. mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna, viðhald skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, eftirlit með útreikningi innlausnarvirðis, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, uppgjör viðskipta, varsla hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti og eftirlit með fjárfestingastefnu sjóða.

Útvistað til Helgu Harðardóttur

a. Innri endurskoðun

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020 hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð SIV eignastýringar hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

4.2. Upplýsingar um rekstraraðila sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins

SIV eignastýring hf. hefur ekki gert samning við utanaðkomandi aðila um neina tegund af ráðgjöf en mun

aftur á móti kaupa sérfræðiþjónustu af þar til bærum aðilum sé þess þörf. Engin reglubundin ráðgjafakaup sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins eru fyrirhuguð að svo stöddu og mun félagið uppfæra útboðslýsingu þessa komi til þess að slíkur ráðgjafarsamningur verði gerður.

4.3. Fyrri árangur sjóðsins

Sjóðurinn er nýr og því ekki til staðar upplýsingar um sögulega nafnávöxtun sjóðsdeilda.

4.4. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir

Fjárfesting í Fjárfestingarsjóði SIV eignastýringar hs. er í eðli sínu áhættufjárfesting og er mælt með því að þeir fjárfestar sem hug hafa á kaupum í ofangreindum sjóðsdeildum íhugi vel þær fjárhagslegu afleiðingar sem kaupin kunna að hafa í för með sér.

a. SIV Lausafjársjóður hs.

Fjárfesting í sjóðsdeildinni er í eðli sínu áhættusöm og er mælt með því að þeir fjárfestar sem hafa hug á kaupum í SIV Lausafjársjóði séu meðvitaðir um þær fjárhagslegu afleiðingar sem kaupin kunna að hafa í för með sér. Markmið sjóðsins er að skila jafnri ávöxtun á skammtímavaxtamarkaði með fjárfestingu í dreifðu safni innlána, peningamarkaðsgerninga og skuldabréfa með áherslu á góðan seljanleika. Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé til skamms tíma með litlum sveiflum í gengi og njóta hærri innlánavaxta í krafti stærðar sjóðsins. Verðmæti fjárfestinga sjóðsins getur sveiflast og á einhverjum tímapunkti getur verðmætið verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og hugsanlega geta fjárfestar fengið minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi.

b. SIV Skammtímasjóður hs.

SIV Skammtímasjóður er sjóðsdeild sem fjárfestir í innlánum fjármálafyrirtækja,. og í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem gefin eru út af íslenska ríkinu og öðrum aðilum sem njóta beinnar ábyrgðar ríkissjóðs Íslands, fjármálafyrirtækjum, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Sjóðsdeildin hefur það að markmiði að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa með fjárfestingu á skammtímavaxtamarkaði.. SIV Skammtímasjóður hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé til skamms tíma eða langs tíma. Verðmæti fjárfestinga sjóðsdeildarinnar getur sveiflast og á einhverjum tímapunkti getur verðmætið verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og hugsanlega geta fjárfestar fengið minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi. Sjóðsdeildin er ætluð almenningi sem og fagfjárfestum.

c. SIV Skuldabréf hs.

SIV Skuldabréf er sjóðsdeild sem fjárfestir í íslenskum skuldabréfum, bæði þeim sem skráð eru á Nasdaq Iceland, óskráðum skuldabréfum, innlánum fjármálafyrirtækja, afleiðum og öðrum fjármálagerningum, s.s sérhæfðum sjóðum. Sjóðsdeildin hentar þeim fjárfestum sem vilja ávaxta fé til langs tíma með talsverðri áhættu. Fjárfesting í SIV Skuldabréf ætti yfirleitt að vera hugsuð sem langtímafjárfesting. Verðmæti fjárfestinga sjóðsdeildarinnar getur sveiflast og á einhverjum tímapunkti getur verðmætið verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og hugsanlega geta fjárfestar fengið minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi. Sjóðsdeildin er ætluð almenningi sem og fagfjárfestum.

d. SIV Hlutabréf hs.

SIV Hlutabréf er sjóðsdeild sem fjárfestir í íslenskum hlutabréfum, bæði þeim sem skráð eru á Nasdaq Iceland, í félögum sem hyggja á skráningu í kauphöll og í óskráðum hlutabréfum, innlánum fjármálafyrirtækja, afleiðum og öðrum fjármálagerningum s.s. sérhæfðum sjóðum. Sjóðsdeildin hentar þeim fjárfestum sem vilja ávaxta fé til langs tíma með talsverðri áhættu. Fjárfesting í SIV Hlutabréf ætti yfirleitt að vera hugsuð sem langtímafjárfesting, verðmæti fjárfestinga sjóðsins getur sveiflast og á einhverjum tímapunkti getur verðmætið verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og hugsanlega geta fjárfestar fengið minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi. Sjóðsdeildin er ætluð almenningi sem og fagfjárfestum.

e. SIV Eignasafn hs.

SIV Eignasafn er sjóðsdeild sem fjárfestir í dreifðu safni innlendra og erlendra fjármálagerninga. Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa á virkan hátt, innanlands og erlendis, með því að fjárfesta í þeim verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum sem rekstraraðili metur besta á hverjum tíma. Til að hámarka eignadreifingu er lögð áhersla á að fjárfesta í sjóðum

frekar en í einstökum bréfum. Fjárfesting í SIV Eignasafn ætti að vera hugsuð sem langtímafjárfesting, verðmæti fjárfestinga sjóðsins getur sveiflast og á einhverjum tímapunkti getur verðmætið verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og hugsanlega geta fjárfestar fengið minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi. Sjóðsdeildin er ætluð almenningi sem og fagfjárfestum.

4.5. Dómstólar og málaferli

Mál sem kunna að rísa vegna hlutdeildarskírteina skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Hvorki SIV eignastýring hf. né sjóðir sem reknir eru af félaginu eiga í málaferlum.

Fylgiskjal 1 – Reglur Fjárfestingarsjóðs SIV Eignastýringar hs.

Reglur Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs.

1.gr.
Heiti sjóðsins og rekstraraðili

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar hs. (hér eftir „Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar“ eða „sjóðurinn“) og starfar í fimm aðgreindum sjóðsdeildum. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfða sjóða.

Rekstraraðili sjóðsins er SIV eignastýring hf. kt. 581022-0850, Ármúla 3, 108 Reykjavík. Ekki verður skipt um rekstraraðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar SIV eignastýringar hf. og staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitsins“) á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýr rekstraraðili sjóðsins sé með viðeigandi starfsleyfi. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstaraðila sjóðsins í samræmi við 12. gr. reglna þessara.

2.gr.
Deildaskipting sjóðsins

Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar er hlutdeildarsjóður og starfar í sjóðsdeildum sem hafa aðskilinn fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi og í upplýsingakerfum T Plús hf., vörsluaðila sjóðsins. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

T plús hf. gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem þess óska eða aðrar staðfestingar á tilkalli til hlutdeildar að viðkomandi sjóðsdeild. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína.

T Plús hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Í skránni er kveðið á um nafn og kennitölu eiganda, söludag skírteinis, nafnverð, heildarfjölda útistandandi skírteina, sbr. 76. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðsdeildir sjóðsins eru:

Nafn	**Kennitala**
SIV Lausafjársjóður hs.	430723-9950
SIV Skammtímasjóður hs.	530623-9710
SIV Skuldabréf hs.	530623-9630
SIV Hlutabréf hs.	530623-9550
SIV Eignasafn hs.	640524-9950

3.gr.
Fjárfestingarstefna sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hs.

Hver sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hefur sína eigin fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildir sjóðsins eru bundnar af fjárfestingarstefnu eins og hún er sett fram í reglum þessum með hliðsjón af þeim fjárfestingarheimildum sem koma fram í 89. – 96. gr. laga nr. 45/2020. Er sjóðstjórum óheimilt að víkja frá þessum reglum. Fjárfestingarstefna sjóðsdeilda er uppbyggð á ólíkan hátt og því geta fjárfestingarmarkmið sjóðsdeilda verið mismunandi. Markmiðin fela í sér þær áherslur sem stjórn SIV eignastýringar hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum einstakra sjóðsdeilda.

Stjórn SIV eignastýringar hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt markmiðum þessum hvenær sem er en allar breytingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu til samþykktar. Breyting á fjárfestingarstefnu felur í sér breytingu á reglum sjóðsins og öðlast breyting því ekki gildi fyrr að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins en eftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu, sbr. 85. gr. laga nr. 45/2020. SIV eignastýring hf. skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsdeildar um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

Í samræmi við lög nr. 45/2020 hafa sjóðsdeildir heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær

séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildirnar gilda, sbr. einkum 89, 92, og 93. gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu.

Sjóðsdeildum sjóðsins er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu sbr. 91. gr. laga nr. 45/2020. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsdeildanna. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Sjóðsdeildum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim. Reglur sjóðsins setja rammann sem honum ber að starfa eftir, reglur sjóðsins geta aldrei vikið frá heimildum laga Fjárfestingar sjóðsdeilda þurfa að vera í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.SIV eignastýring hf. hefur mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og má nálgast hana á heimasíðu félagsins. Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar hafa stefnu rekstraraðila um ábyrgar fjárfestingar til hliðsjónar við fjárfestingarákvarðanir sínar. Rekstraraðili sjóðsins telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma.

Sjálfbærniáhætta getur haft neikvæð áhrif á virði og ávöxtun fjárfestinga SIV eignastýringar og markmið SIV er að lágmarka þessa áhættu. SIV eignastýring hefur í því skyni innleitt í starfsemi sína stefnur og ferla sem eru hluti af fjárfestingarferli sjóða og er sjálfbærniáhætta metin að því marki sem traustar upplýsingar frá útgefendum fjármálagerninga eru aðgengilegar við ákvarðanatöku. Með sjálfbærniáhættu er átt við umhverfis-, félagsþátta eða stjórnarhátta atburð eða ástand sem, ef það á sér stað, gæti valdið raunverulegum eða hugsanlegum verulegum neikvæðum áhrifum á verðmæti fjárfestinga.

SIV eignastýring leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum og sjóðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi og taka virkan þátt í þróun á sjálfbærum fjármálaafurðum.

Samkvæmt löggjöf um sjálfbærni, lög nr. 25 frá 2023 sem innleiða SFDR reglugerðina þá ber aðilum á fjármálamarkaði að birta upplýsingar um sjálfbærnitengd áhrif fjármálaafurða. Allar sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar uppfylla 6. grein SFDR og eru þar með fjármálaafurðir sem taka ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti þar sem sjóðsdeildirnar geta ekki talið að með fjárfestingum sínum efli þær sjálfbærni eða hafi það að markmiði samkvæmt SFDR reglugerðinni. Nánari upplýsingagjöf um sjálfbærni má finna á heimasíðu SIV eignastýringar.

Í B. hluta X. kafla laga 45/2020 er fjallað ítarlegra um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta (sjá fylgiskjal 2). Nánar er greint frá fjárfestingarheimildum í fjárfestingarstefnu hverrar sjóðsdeildar.

a. SIV Lausafjársjóður hs.

Markmið SIV Lausafjársjóðs hs. er að skila jafnri ávöxtun á skammtímavaxtamarkaði með fjárfestingu í dreifðu safni innlána, víxla og skuldabréfa með áherslu á góðan seljanleika. Leitast er við að takmarka vaxtaáhættu og er meðallíftími eigna sjóðsins 0 - 180 dagar. Hámarkslíftími einstakra fjárfestinga sjóðsins skal ekki vera hærri en 397 dagar. Engin takmörk eru þó á líftíma einstakra fjármálagerninga útgefnum af íslenska ríkinu, eða með ábyrgð þess eða á sértryggðar útgáfur fjármálafyrirtækja.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020 og innlánum fjármálafyrirtækja skv. 3. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020. Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Innlán fjármálafyrirtækja	30-100%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess, eða útgefnir af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0-70%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja	0-50%
Skuldarbréf og peningamarkaðsgerningar sveitarfélaga	0-30%

Afleiður	0-30%

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. laga nr. 45/2020. Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðnum heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins til að mæta innlausnum.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum

1. Sjóðurinn getur bundið allt að 20% af eignum sínum í skuldabréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum skráðum á skipulegum markaði útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda, sbr. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020
2. Sjóðurinn hefur heimild til að binda að hámarki 30% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis sbr. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.
3. Sjóðurinn má að hámarki fjárfesta 10% af eignum sínum í óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.
4. Samanlögð eign sjóðsins í skuldabréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40% sbr. 2. mgr. 93. gr laga nr. 45/2020 og skulu aðilar sem teljast til sömu samstæðu teljast einn aðili sbr. 3. mgr. 93. gr. laganna. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins sbr. 4. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins, sbr. 5. mgr. 93. gr. laganna.
5. Sjóðurinn hefur heimild til að binda umfram 35% og allt að 70% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgjast sbr. 4. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má þó ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 30% af eignum sjóðsins. Sé þessi heimild nýtt skulu fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi útgáfur sbr. 6. mgr. 93. gr. laganna.

Afleiður

Sjóðsdeildin hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti (e. repurchase agreements) með fjármálagerninga í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. 4. og 5. tl. 89. gr., 92. gr., 1. og 3. tl. 1. mgr. 93. gr. og 2. mgr 93. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðsdeildinni er eingöngu heimilt að fjárfesta í afleiðum, t.d. framvirkum samningum, valréttum eða skiptasamningum, til að draga úr áhættu sjóðsins og til að ná fram skilvirkri stýringu á eignum sjóðsins. Einungis er horft til þess að nota afleiður til að minnka lausafjáráhættu, endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum í viðskiptum með afleiður utan skipulegra markaða, en hámark við sama mótaðila skal þó aldrei vera hærra en 10%, sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður í samræmi við 4. og 5. tl. 89. gr., 92. gr., 1. og 3. tl. 1. mgr. 93. gr. og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

b. SIV Skammtímasjóður hs.

SIV Skammtímasjóður er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Rekstraraðili sjóðsins hefur afmarkað fjárfestingastefnu hans og felur fjárfestingastefnan í sér þær áherslur sem stjórn rekstraraðila telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum sjóðsins.

Fjárfestingamarkmið sjóðsins er að skila jafnri ávöxtun á skammtímavaxtamarkaði með fjárfestingu í dreifðu safni innlána fjármálafyrirtækja, víxla og skuldabréfa með góðan seljanleika. Leitast er við að takmarka vaxtaáhættu og skal líftími sjóðsins vera 397 dagar að hámarki.

Yfirlit yfir fjárfestingarstefnu og heimildir sjóðsins eru útlistað í töflu og texta hér að neðan. Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda einnig ákvæði B. hluta X. Kafla laga nr. 45/2020.

Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0 – 100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 100%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar fjármálafyrirtækja	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar sveitafélaga	0 – 50%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar annarra útgefanda	0 – 40%
Afleiður	0 – 30%

Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta allt að 100% í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess skv. heimild Fjármálaeftirlitsins (sjá nánar takmarkanir á vægi einstakra útgefanda).

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 100% eignum sjóðsins.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Peningamarkaðsgerningar eru þeir flokkar fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi peningamarkaðsgerninga skal ávallt vera styttri en 397 dagar.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skuldabréfum, víxlum og skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 50% af eignum sínum í skráðum og framseljanlegum skuldabréfum, víxlum og skuldaviðurkenningum útgefnum af sveitarfélögum.

Þá er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta fyrir allt að 40% af eignum í skuldabréfum, víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum annarra útgefenda en að ofan greinir. Má þar til dæmis nefna skuldaviðurkenningar fyrirtækja.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin er ekki bundin takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í eignasafni að öðru leiti en lög kveðja á um hverju sinni, sbr. 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020.

Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðsdeildinni heimild skv. 6 mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsdeildarinnar dreifast

á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svara til 30% af eignum sjóðsins.

Lántaka

Á grundvelli 2.mgr. 95.gr. laga nr. 45/2020 er sjóðnum heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.

Laust fé

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. laga nr. 45/2020.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildina gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum í viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Annað

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.

C. SIV Skuldabréf hs.

SIV Skuldabréf er sjóðsdeild innan sjóðsins og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, og hefur sem slík aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðdeildarinnar er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á skuldabréfamarkaði .

SIV Skuldabréf er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum fjármálafyrirtækja og afleiðum. Fyrst og fremst verður um að ræða fjárfestingu í fjármálagerningum, s.s. skuldabréfum og víxlum, útgefnum á af íslenskum fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum eða opinberum aðilum. Nánari útlistun á fjárfestingarstefnu og heimildum má finna í töflu hér fyrir neðan.

Yfirlit yfir fjárfestingarstefnu og heimildir sjóðsins eru útlistað í töflu og texta hér að neðan. Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda einnig ákvæði B. hluta X. Kafla laga nr. 45/2020.

Skuldabréf og víxlar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0 – 100%
Sértryggð skuldabréf, útgefin skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf	0 – 100%

Önnur skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar	0 – 100%
Skuldabréf með breytirétti	0 - 15%
Hlutabréf sem tilkomin eru vegna nýtingar á breytirétti skuldabréfa	0 - 15%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 60%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (UCITS) eða sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum	0 – 20%
Óskráð skuldabréf og víxlar	0 – 25%
Afleiður	0 – 30%
Skortsala skráðra verðbréfa	0 – 20%

Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess skv. heimild Fjármálaeftirlitsins (sjá nánar takmarkanir á vægi einstakra útgefanda).

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Peningamarkaðsgerningar eru þeir flokkar fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi peningamarkaðsgerninga skal ávallt vera styttri en 397 dagar.

Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 100% af eignum sínum í skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum útgefnum af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Þá er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í öðrum skráðum og framseljanlegum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum (s.s. víxlum). Má þar til dæmis nefna skuldabréf útgefin af fyrirtækjum, sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum.

Einnig hefur sjóðsdeildin heimild til þess að fjárfesta fyrir samtals allt að 15% af eignum í skráðum og óskráðum skuldabréfum með breytirétti og fyrir samtals allt að 15% af eignum í skráðum og óskráðum hlutabréfum sem eru tilkomin vegna skuldabréfakaupa sjóðsins, til dæmis vegna skuldabréfa með breytirétti og/eða vegna breytingar á skuldum í hlutafé í kjölfar greiðsluþrots útgefanda. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, sbr. 90. gr. nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 60% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Óskráð verðbréf og peningamarkaðsgerningar

Sjóðsdeildin fjárfestir í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 25% af eignum sjóðsdeildarinnar í óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum (s.s. víxlum) en fjárfesting sjóðsdeildarinnar í óskráðri útgáfu eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins, skv. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Samkvæmt 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum sérhæfðra sjóða, annarra en kveðið er á um í 2. tl. sömu greinar. Á grundvelli framangreindrar heimildar er sjóðsdeildinni heimilt að fjárfesta allt að 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í skuldabréfum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin er ekki bundin takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í eignasafni að öðru leyti en lög kveða á um hverju sinni, sbr. 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðsdeildinni heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsdeildarinnar dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Skortsala

Sjóðsdeildin hefur heimild til skortsölu á skráðum verðbréfum í samræmi við 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðsdeildin hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af eignum sjóðsdeildarinnar. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Lántaka

Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsdeildarinnar.

Laust fé

Í samræmi við 90. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðsdeildina gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðsdeildin sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðsdeildinni er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 30% af eignum í viðskiptum með afleiður við sama aðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 10% af eignum í viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins.

Aðrar fjárfestingarheimildir B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta.

d. SIV Hlutabréf hs.

SIV Hlutabréf er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsdeildarinnar er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í Nasdaq Iceland eða First North Iceland markaðnum. Sjóðsdeildinni er einnig heimilt að fjárfesta í óskráðum íslenskum hlutafélögum. Fjárfestingum sjóðsdeildarinnar verður beint

að þeim fjárfestingarkostum sem SIV eignastýring hf. og sjóðstjórar sjóðsdeildarinnar telja líklegasta til að skila bestri ávöxtun.

Yfirlit yfir fjárfestingarstefnu og heimildir sjóðsdeildarinnar eru útlistað í töflu og texta hér að neðan. Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda einnig ákvæði B. hluta X. Kafla laga nr. 45/2020.

Hlutabréf skráð á NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	25 – 100%
Hlutabréf skráð í erlenda kauphöll en með starfsemi á Íslandi	0 – 75%
Óskráð innlend hlutabréf	0 – 30%
Skuldabréf með breytirétti	0 – 25%
Afleiður	0 – 25%
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 20%
Hlutdeildarskírteini í innlendum sérhæfðum sjóðum	0 – 20%
Skortsala hlutabréfa	0 – 20%

Skráð verðbréf

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta að lágmarki 25% og að hámarki 100% af eignum í innlendum framseljanlegum hlutabréfum sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Nordic Iceland eða First North Iceland markaðnum.

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 75% af eignum í hlutabréfum félaga með starfsemi á Íslandi sem tekin hafa verið til viðskipta í erlendri kauphöll. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að fjárfesta í skuldabréfum með breytirétti í hlutabréf, útgefnum af íslenskum félögum fyrir allt að 25% af eignum sjóðs. Viðmiðið er að hlutabréf viðkomandi félags séu skráð í viðurkennda kauphöll en ekki skilyrði. Sjá heimild sjóðsins til fjárfestinga í óskráðum innlendum hlutabréfum frekar í þessu samhengi.

Óskráð verðbréf

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta allt að 30% af eignum sjóðsins í óskráðum íslenskum hlutabréfum en fjárfesting sjóðsdeildarinnar í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af ignum sjóðsins sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Skortsala

Sjóðsdeildin hefur heimild til skortsölu á skráðum innlendum hlutabréfum sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðsdeildin hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Sjóðsdeildin hefur heimild til þess að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sbr. 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðsdeildin hefur heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 60% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Laust fé

Í samræmi við 90. gr. laga nr. 45/2020 er sjóðsdeildinni heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefenda

Sjóðsdeildin nýtir sér heimild 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsdeildarinnar í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum

sjóðsdeildarinnar aðeins í einum útgefanda.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 25% af eignum í viðskiptum með afleiður, þó aldrei meira en 10% við sama aðila sbr. 3. tl. 1 mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.

e. SIV Eignasafn hs.

SIV Eignasafn er sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðsdeildin er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur).

Markmið sjóðsdeildarinnar er að auka verðmæti hlutdeildarskírteina með því að fjárfesta í vel dreifðu safni hlutabréfa og skuldabréfa með áherslu á virka stýringu og góða dreifingu útgefenda. Sjóðsdeildin fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða, auk þess að fjárfesta í stökum fjármálagerningum og innlánum í samræmi við fjárfestingastefnu. Til að auka eignadreifingu er reynt að fjárfesta í sjóðum frekar en stökum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum Ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengur

Um fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar gilda ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020. Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu.

Hlutabréf	30-70%
Skuldabréf, innlán og peningamarkaðsgerningar	0-70%
Innlán og peningamarkaðsgerningar	*0-70%*
Ríkisskuldabréf	*0-70%*
Sértryggð skuldabréf	*0-70%*
Önnur skuldabréf	*0-50%*
Sérhæfðir sjóðir samkvæmt. 6.tl. 89. gr. laga nr. 45/2020	0-20%
Afleiður	0-30%

Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í beint í eignaflokkum samkvæmt fjárfestingarheimildum sínum eða í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta

í aðallega í viðkomandi eignaflokkum. Fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarheimildum geta verðið í innlendum fjármálagerningum sem og erlendum fjármálagerningum. Heildarfjárfesting í erlendum fjármálagerningum skal þó vera 50% að hámarki. Heimilt er að kaupa sérhæfða sjóði samkvæmt 6. tl. 89 gr. laga nr 45/2020 og afleiður mega vera að hámarki 30%

Sjóðsdeildin er ekki bundin takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í eignasafni að öðru leyti en lög kveða á um hverju sinni, sbr. 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðsdeildinni heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsdeildarinnar dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsdeildarinnar.

Afleiður

Sjóðsdeildinni er heimilt að nota afleiður sem hluta af áhættustýringu, til að draga úr áhættu, til að minnka kostnað og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Helstu tegundir sem sjóðsdeildin notar eru framvirkir samningar og skiptasamningar. Með framvirkum samningum og skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum degi í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Við áhættustýringu er afleiðustöðunni umbreytt í samsvarandi undirliggjandi stöðu í þeim eignum sem felast í viðkomandi afleiðu. Sjóðsdeildinni er heimilt að binda allt að 25% af eignum í viðskiptum með afleiður, þó aldrei meira en 10% við sama aðila sbr. 3. tl. 1 mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal m.a. taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðsdeildinni er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. laga nr. 45/2020. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga nr. 45/2020 sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020 skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.

.

4.gr.
Vörsluaðili sjóðsins

Vörsluaðili Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er T plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri. T Plús hf. er hlutafélag sem starfar m.a. samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Hlutverk vörslufélags er m.a. umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsdeilda og eftirlit.

T Plús hefur heimild til að gegna hlutverki vörsluaðila sérhæfðra sjóða á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 45/2020. T Plús er háð eftirliti og varfærnisregluverki sem um starfsemi félagsins gilda og hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 3. mgr. 14. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Skyldur T Plús sem vörsluaðila;

- Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta fari samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum hlutaðeigandi aðila,

- Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmælum og reglur hlutaðeigandi aðila,
- Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila
- Tryggja að í viðskiptum með eignir sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
- Tryggja að tekjum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart rekstraraðila og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörsluaðila við framkvæmd verkefna þess skv. 42. gr. laga nr. 45/2020.

Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar SIV eignastýringar hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 12. gr. reglna þessara.

5.gr.
Þóknun og kostnaður

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar greiða SIV eignastýringu hf. umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðanna. Umsýsluþóknunin er ákveðið hlutfall af eignum sjóðanna en hlutfallið er mismunandi eftir deildum. Umsýsluþóknunin er greidd SIV eignastýringu hf. til að standa straum af umsýslu ýmiskonar, þ.e. bókhaldi, útreikningi á innlausnarvirði, eftirliti, viðhaldi skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta o.s.frv. Umsýsluþóknun eru reiknuð á ársgrundvelli og er reiknuð daglega inn í gengi hlutdeildarskírteina sjóðsdeildanna. Yfirlit þóknana sjóðsdeilda sjóðsins má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Sjóðsdeild	Umsýslu-þóknun í dag	Gengismunur í dag	Upphafs-þóknun	Útgöngu-gjald	Árangurs-tenging
SIV Lausafjársjóður hs.	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Skammtímasjóður hs.	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Skuldabréf hs.	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Hlutabréf hs.	1,7%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við
SIV Eignasafn hs	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	Á ekki við

Í sjóðdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar er enginn gengismunur og því sama kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi

Í umsýsluþóknun er hvorki innifalinn beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsdeilda sjóðsins né kostnaður vegna Fjármálaeftirlits. Rekstraraðili endurkrefur sjóðsdeildir um beinan útlagðan kostnað sem tengist starfsrækslu sjóðsdeildanna. Beinn útlagður kostnaður (upptalning er ekki tæmandi) s.s. kostnaður vegna Fjármálaeftirlits, lögfræðiþjónustu, ýmissa ráðgjafarstarfa, endurskoðunar vegna sjóðsins, fjármálakerfa annarra en eignastýringarkerfa, hugbúnaðar og kostnað vegna tilkynninga til eigenda hlutdeildarskírteina. SIV eignastýring getur að hámarki krafið hverja sjóðsdeild um 0,2% vegna slíks kostnaðar.

Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsdeilda sjóðsins. Í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 45/2020, hefur SIV eignastýring hf. samið við T Plús um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins. Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í umsýsluþóknun. Aðrar viðskiptaþóknanir s.s. vegna kaupa og sölu fjármaálgerninga sjóðsins, greiðir sjóðurinn sjálfur til þriðja aðila. Sjóðsdeildirnar fjárfesta ekki í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%. Engin upphafsþóknun eða útgöngugjald er hjá sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar. Afgreiðslugjald við kaup eða sölu er samkvæmt gjaldskrá

söluaðila.

6.gr.
Markaðssetning

Fjárfestingarsjóður SIV eignastýringar er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020, sem er með heimild til markaðssetningar á Ísland.

7.gr.
Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hlutdeildarskírteinishafi fær kvittun fyrir kaupum og þar kemur fram heiti sjóðsdeildar, keypt nafnverð, kaupgengi og kaupdagsetning. SIV eignastýringu hf. er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema hlutdeildarskírteinishafi óski sérstaklega eftir því. Óski hlutdeildarskírteinishafi eftir því að fá útgefið hlutdeildarskírteini þá verður það útbúið og sent í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun.

Eignarhlutdeild i sjóðsdeildum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, uppfyllt.

Gengi sjóðsdeilda er reiknað og birt daglega, á virkum dögum, á heimasíðu SIV eignastýringar hf., www.SIVeignastyring.is.

Við útgáfu reglna þessara telst viðskiptatími og uppgjör sjóðsdeilda vera eins og segir í töflu hér að neðan. :

Sjóðsdeild	**Viðskiptatími sjóðsdeilda**	**Kauppöntun**	**Sölupöntun**	**Kauppöntun eftir viðskiptatíma**	**Sölupöntun eftir viðskiptatíma**
SIV Lausafjársjóður hs.	09:00-14:30	T+1	T+1	T+2	T+2
SIV Skammtímasjóður hs,	09:00-14:30	T+1	T+1	T+2	T+2
SIV Skuldabréf hs.	09:00-14:30	T+2	T+2	T+3	T+3
SIV Hlutabréf hs.	09:00-14:30	T+2	T+2	T+3	T+3
SIV Eignasafn hs.	09:00-13:00	T+2	T+2	T+3	T+3

Þegar keypt er í sjóðsdeild skal kaupandi greiða gengi eins og það er í lok viðskiptadags. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteina.

SIV eignastýringu hf. er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á tilkalli til eignar. Henni verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getið er um hér að ofan. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

8.gr.
Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu sjóðsdeilda verður ekki greiddur út heldur ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingarstefnu og þ.a.l. bætt við höfuðstól hverrar sjóðsdeildar.

9.gr.
Útreikningur á innlausnarvirði hlutar

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðsdeild er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsdeildarinnar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

10.gr.
Um samruna sjóða eða sjóðsdeilda

SIV eignastýringar hf. tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við annan sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta eða einstakra sjóðsdeilda hans innan Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er krafist vegna innlendra samruna. Sé um millilandasamruna að ræða þarf samþykki lögbærs eftirlitsaðila samrunasjóðs og skal samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs.

Stjórn SIV eignastýringar hf. skal gæta þess í allri framkvæmd að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og kalla til óháðan aðila til að fara yfir og leggja mat á samrunann og þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði. Við sameiningu sjóðsdeildar við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í réttu hlutfalli við eign sína. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina bréflega um samruna sjóðsins og skal tilkynningin innihalda skilmála samruna og gildistöku breytinga. Þá skulu hlutdeildarskírteinishöfum veittar nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna, þ.á.m: upplýsingar um ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna, þau áhrif sem álitið er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, m.a. breytingar á fjárfestingarstefnu, væntan árangur, reglubundnar skýrslur og, ef við á, viðvörun til fjárfesta um að skattaleg meðferð geti breyst vegna fyrirhugaðs samruna, réttindi hlutdeildarskírteinishafa vegna fyrirhugaðs samruna, rétt hlutdeildarskírteinishafa til innlausnar og, ef við á, rétt þeirra til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust og innan hvaða tímamarka þeir geti nýtt þau réttindi sín, atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistökudag samrunans, og lykilupplýsingar yfirtökusjóðs.

Hlutdeildarskírteinishafar skulu eiga rétt á að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna og, ef við á, skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstraraðila eða félagi sem rekstraraðili er tengdur í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald. Innlausnarskyldan tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa samkvæmt reglum sjóðsins skal send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu lýkur. Að öðru leyti skal farið með tillögur um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins eða sjóðsdeilda sem um breytingar á reglum sjóðsins, sbr. 12. gr. reglna sjóðsins.

11.gr.
Um slit sjóðsins eða sjóðsdeildar

Stjórn SIV eignastýringar hf. tekur ákvörðun um slit sjóðsins eða einstakra sjóðsdeilda hans. Ástæður sem gætu legið að baki slíkri ákvörðun er t.d. ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa eru best varðir með því að slíta sjóðnum. Ef kemur til þess að sjóðnum eða einstaka sjóðsdeildum hans verði slitið skal koma eignum í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og söluandvirði skipt niður á hlutdeildarskírteinishafa í hlutfalli við eign þeirra í sjóðnum og að teknu tilliti til kostnaðar. Heimilt er að deila eignum sjóðsins í heild eða hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina bréflega um slit sjóðsins eða sjóðsdeilda og skal tilkynningin innihalda skilmála slitanna og gildistöku breytinga. Fara skal með tillögur um slit Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar eða sjóðsdeilda sem um breytingar á reglum þessum, sbr. 12. gr.

12.gr.
Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn SIV eignastýringar hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt reglum þessum hvenær sem er. Breytingin öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingin öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað. SIV eignastýring hf. skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina Fjárfestingarsjóðs SIV eignastýringar um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

Fylgiskjal 2 – Útdráttur úr lögum nr. 45/2020

23. gr. Áhættustýring.

- Rekstraraðili skal aðskilja starfsemi og ábyrgð áhættustýringar frá rekstrareiningum, þ.m.t. frá eignastýringu sjóða, á fullnægjandi hátt.
- Rekstraraðili skal koma á fullnægjandi eftirlitskerfi með áhættu til að greina, mæla, stýra og vakta hvers konar áhættuþætti tengda fjárfestingaraðferðum hvers sérhæfðs sjóðs og þá áhættuþætti sem hver sjóður verður eða getur orðið fyrir. Rekstraraðili skal ekki reiða sig einungis eða kerfisbundið á lánshæfismöt lánshæfismatsfyrirtækja við mat á lánshæfi eigna hvers sérhæfðs sjóðs.
- Rekstraraðili skal endurskoða og uppfæra eftirlitskerfi með áhættu eins oft og þörf krefur, að lágmarki árlega.
- Rekstraraðili skal að lágmarki:
  1. koma á og fylgja fullnægjandi skriflegum verkferli um framkvæmd áreiðanleikakannana við fjárfestingar hvers sérhæfðs sjóðs; verkferill skal taka mið af fjárfestingaraðferðum, markmiðum og áhættusniði sjóðsins og skal uppfærður reglulega,
  2. tryggja að unnt sé með viðvarandi hætti að greina, mæla, stýra og vakta áhættu vegna hverrar fjárfestingar sérhæfðs sjóðs og áhrif hennar á eignasafn hans, þ.m.t. með notkun viðeigandi álagsprófa, og
  3. tryggja að áhættusnið sérhæfðs sjóðs sé í samræmi við stærð, samsetningu eignasafns, fjárfestingaraðferðir og markmið sjóðsins sem fram koma í reglum hans, lýsingu eða öðrum skjölum vegna markaðssetningar.
- Rekstraraðili skal setja hámark á vogun hvers sérhæfðs sjóðs í rekstri hans og ákveða hvort og að hvaða marki heimilt sé að ráðstafa veði eða tryggingu sem kann að vera veitt í tengslum við vogun, að teknu tilliti til:
  1. tegundar sjóðs,
  2. fjárfestingaraðferða sjóðs,
  3. tegundar vogunar sjóðs,
  4. allra annarra tengsla við önnur fyrirtæki sem veita fjármálaþjónustu sem gætu valdið kerfisáhættu,
  5. nauðsynjar á takmörkun áhættuskuldbindingar á einstaka mótaðila,
  6. að hve miklu leyti vogun er tryggð með veði,
  7. hlutfalls eigna og skuldbindinga, og
  8. umfangs, eðlis og starfsemi rekstraraðila á viðkomandi mörkuðum.
- Fjármálaeftirlitið skal meta aðskilnað starfsemi og ábyrgðar áhættustýringar skv. 1. mgr. með hliðsjón af meginreglunni um meðalhóf. Rekstraraðila ber að geta sýnt fram á að hann hafi gripið til verndarráðstafana gegn hagsmunaárekstrum þannig að áhættustýring geti starfað sjálfstætt, að framkvæmd áhættustýringar uppfylli ákvæði þessara laga og þjóni ávallt tilgangi sínum.
- Með hliðsjón af eðli, umfangi og starfsemi sérhæfðra sjóða rekstraraðila skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með lánshæfismatsferlum rekstraraðila, meta út frá fjárfestingarstefnum sjóða hvernig rekstraraðili styðst við lánshæfismöt og, þegar við á, hvetja rekstraraðila til að draga úr notkun á þeim til samræmis við 2. mgr.
- Ráðherra setur reglugerð með nánari reglum um áhættustýringu, svo sem um hvernig skuli aðskilja starfsemi og ábyrgð vegna áhættustýringar frá öðrum rekstrareiningum, þ.m.t. eignastýringu, og um varnir gegn hagsmunaárekstrum, sem og um lágmarkskröfur til áhættustýringar, um eftirlitskerfi með áhættustýringu sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu nota í tengslum við þá áhættuþætti sem sjóðir sem þeir stýra verða eða gætu orðið fyrir og um viðeigandi tíðni endurskoðunar á eftirlitskerfi með áhættustýringu.

Úr B hluta x. kafla í lögum nr. 45/2020: Fjárfestingarheimildir

89. gr. Fjármálagerningar og innlán.

- Fjárfestingarheimildir taka til sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta eða til einstakra deilda hans sé hann deildaskiptur. Sérhæfðum sjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:
  1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.
  2. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða enda sýni rekstraraðili sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sérhæfðu sjóðir lúti sambærilegu eftirliti og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin séu út ársreikningur og árshlutauppgjör a.m.k. á sex mánaða fresti.
  3. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan EES sýni hann með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
  4. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi laga um kauphallir eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir

samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

5. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
6. Öðrum sérhæfðum sjóðum en skv. 2. tölul.

90. gr. Aðrar eignir.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

91. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.
- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesat er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

92. gr. Afleiðuviðskipti.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.
- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í þessum kafla. Eftirlitskerfi rekstraraðila skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.
- Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.
- Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.
- Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

93. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda að hámarki:
  1. 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.
  2. 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis.
  3. 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt.
  4. 35% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta.
  5. 20% af eignum sjóðs í sama verðbréfasjóði, sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða öðrum sérhæfðum sjóði skv. 2. tölul. 89. gr.
  6. 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr.
  7. 10% af eignum sjóðs í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda.
- Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.
- Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt ákvæði þessu.
- Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
- Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.
- Fjármálaeftirlitið getur heimilað sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 4. tölul. 1. mgr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Slíkar fjárfestingar skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta. Skýrt skulu koma fram í reglum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfa- eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn

hyggst fjárfesta í.

94. gr. Takmarkanir á eignasafni.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að eignast meira en:
  1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
  2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
  3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
  4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

95. gr. Lán, ábyrgðir og skortsala.

- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt 2. og 3. málslið skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.
- Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.
- Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

96. gr. Ráðstafanir til úrbóta.

- Fari fjárfesting sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta fram úr hámörkum samkvæmt þessum kafla skal rekstraraðili þegar í stað gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar þar um.
- Ráðstafanir til úrbóta skulu gerðar í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu hlutdeildarskírteinishafa.